

AUGLÝSING**um skipulag í Nesjahreppi í A-Skaftafellssýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Nesjahrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1972.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 227.

11. ágúst 1972.

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Nesjahrepp í A-Skaftafellssýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1972.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 228.

15. ágúst 1972.

SAMÞYKKT**um hundahald í Breiðdalsvíkurkaupþúni í Suður-Múlasýslu.****1. gr.**

Bannað er hundahald í Breiðdalsvíkurkaupþúni nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum, er hún setur, er fullnægt, en þó mega hundar aldrei vera úti að næturlagi, er truflað geta svefn manna og raskað næturró. Einnig skal þess gætt, að hundar hafi ekki truflandi áhrif á eðlilega umferð um þorpið.

3. gr.

Hreppsnefnd getur afturkallað veitt leyfi til hundahalds hvenær sem er, ef hún telur ástæður til og skilyrðum, er hún setur, hefur ekki verið fullnægt.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Breiðdalshrepps staðfestist hér með, með vísun til 1. gr. laga nr. 7/1953 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. ágúst 1972.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

14. ágúst 1972.

Nr. 229.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jean Valgard van Deurs Claessens landsfóhirðis og konu hans Kristínar Briem Claessen, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 14. ágúst 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jean Valgard van Deurs Claessens landsfóhirðis og konu hans Kristínar Briem Claessen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jean Valgard van Deurs Claessens landsfóhirðis og konu hans Kristínar Briem Claessen, stofnaður af eftirlátnum eignum dóttur þeirra Ingibjargar Cl. Þorláksson, fyrrum forsætisráðherrafrúar, skv. erfðaskrá hennar, dags 15. júlí 1966.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — og er sjóðurinn sjálfstæð eign Sauðárkrókskirkju. Sjóðinn skal ávaxta í banka á Sauðárkróki eða með öðrum öruggum hætti.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlega má verja $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum vaxta til að gegna hlutverki sjóðsins, en fjórðung þeirra skal jafnan leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem til úthlutunar kemur, skal varið, sem hér segir:

- a. Að halda vel við leiði fr. Kristínar Briem Claessen og tvíbura manns hennar af seinna hjónabandi. Leiðið er í Reynistaðarkirkjugarði.
- b. Hluta af þeim skal árlega varið til skreytingar Sauðárkrókskirkju.
- c. Þegar fært þykir, skal hluta af vöxtum sjóðsins varið til handvinnukennslu sjúklinga (beskæftigelses Terapi) í Sauðárkrókssókn og kaupa á efni í því skyni.